



Framkvæmdanefnd
um einkavæðingu

Til Björgólfss Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfss
Guðmundssonar.

Frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu

28. ágúst 2002

Með bréfi framkvæmdanefndar um einkavæðingu dags. 16. þ.m. kom fram hvaða fyrirkomulag verði á viðræðum um sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. þar til einn aðili hefur verið valinn til beinna viðræðna um kaup á hlutabréfunum. Nú þegar kynningarfundum stjórnenda Landsbankans er lokið liggur fyrir að nefndin kalli eftir frekari upplýsingum svo velja megi úr þann sem farið verður í beinar viðræður við.

Þegar boðað var til funda framkvæmdanefndar um einkavæðingu með þeim sem skiluðu inn tilkynningu um kaup á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. í lok júlí sl. var sendur með listi yfir þau atriði sem nefndin taldi nauðsynlegt að fá frekari upplýsingar um. Nú er tímabært að fá ítarleg svör við nokkrum af þeim atriðum sem þar voru nefnd.

Það sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu leggur áherslu á að fá skýr svör við á þessu stigi málsins er eftirfarandi:

- ✓ • **Fyrirkomulag eignarhalds.** Hvernig hyggst kaupandi halda utan um hlutafjáreignina í Landsbankanum og hver er áætluð hlutdeild hvers nafngreinds aðila í eigninni? Verður stofnað sérstakt eignarhaldsfélag? Hvernig verður staðið að ákvarðanatöku um áherslur í stjórnun bankans? Hér er leitað eftir hvernig staðið verður að því að rækja hlutverk kjölfestuhluthafa.
- ✓ • **Stærð eignarhlutar.** Í auglýsingu nefndarinnar kemur fram að sé hlutur sem er til sölu sé a.m.k. 25% hlutabréfa í Landsbankanum. Eftir því er leitað hversu stóran hlut hver kaupandi hefur áhuga á að kaupa gegn staðgreiðslu.
- ✓ • **Fjármögnun.** Í auglýsingu nefndarinnar var kallað eftir að aðilar gerðu grein fyrir því sem kallað var *hugmyndum um staðgreiðsluverð*. Gert er ráð fyrir að um staðgreiðslu kaupverðs verði að ræða. Með því er átt við að kaupverðið verði allt greitt innan tveggja mánaða frá undirritun kaupsamnings. Sannfærandi upplýsingar um að viðkomandi geti staðgreitt kaupin þurfa að liggja fyrir.
- ✓ • **Framtíðarsýn.** Með einkavæðingu viðskiptabankanna er stefna ríkisstjórnarinnar að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á

Einkavæðinganeftnd
- fundur 28. ágúst 2002 -

Mættir: Einkavæðinganeftnd & BTB, ÞK og AS

Staður: Hverfisgata 5- 5 hæð

Tími: 15:30 – 16:15

Menn voru boðnir velkomnir með sjónvarpsvél frá Ríkissjónvarpinu. Ólafur Davíðsson byrjaði á að bjóða menn velkomna og ræddi um kynningarfund sem haldinn var með LÍ föstudaginn 24. ágúst.

Að því loknu afhenti hann bréf sem er eins til allra aðila og inniheldur fjórar spurningar. Þar kom fram að spurningar 1 og 3 eru mikilvægustu þættir í þeiri ákváðanatöku sem þeir standa frammí fyrir.

1. **Fyrirkomulag eignarhalds:** BTB sagði að það gæti farið svo að einn aðili myndi detta út þó slíkt væri óliklegt þar sem þolinmæði manna væri misjöfn. Reiknað væri með að skipting væri jöfn, amk. væri enginn einn afgerandi. Ekki væri víst að menn myndu sjálfrir taka sæti í stjórnum LÍ, en áhrif á stjórnun væru eingöngu í gegnum bankaráð.
2. **Stærð eignarhlutar:** BTB sagði að ekkert hefði breyst í afstöðu manna. Ólafur Davíðsson kom inn á að undir þessum lið þyrfti einnig að fjalla um mögulegan kauprétt.
3. **Fjármögnun:** Ólafur Davíðsson ræddi um að þetta væri einn mikilvægasti liður í ákváðanatöku um hver yrði valinn kjölfestufárfestir. Hvernig verður eignarhaldsfélagið fjármagnað, hvaðan kemur fjármagnið, lán vs. eigið fé?
4. **Framtíðarsýn:** Ekki rætt sérstaklega um þennan þátt en mun eflaust skipta miklu máli um framhaldið, amk. út frá pólitík. Menn ræddu um að þessi þáttur myndi einnig breytast eftir því sem verkefnið þróaðist.

Ólafur ræddi næst um að ekki væri farið yfir verðhugmyndir á þessu stigi þar sem mikilvægast væri að ræða þær ekki fyrir en búið væri að tryggja að aðilar gætu uppfyllt ákvæði númer 1 og númer 3.

BTB ræddi um að mikilvægt væri að þau atriði sem kæmu fram í svörum væru trúnaðarmál, sér í lagi atriði er varða framtíðarsýn. Ólafur fullvissaði aðila um að allt það sem nefndin fengi væri algjört trúnaðarmál.

BTB fór þá yfir nokkrar spurningar frá okkur:

- **Hvenær byrja formlegar viðræður?**
Ekki er til ákevðið ferli hjá þeim heldur mun þetta ráðast nokkuð áfanga frá áfanga. Þeir gera þó ráð fyrir að unnt verði að taka næsta skref, þ.e. velja einn aðila, tiltölulega fljótegra eftir að svör við spurningum hafa borist. Í kjölfar þess verður gengið til formlegra viðræðna. Ekki var komið inn á hve langan tíma þeir áætla sér til sammingaviðræðna eftir að aðili hefur verið valinn.
- **Hverjur verða fulltrúuar nefndarinnar á fundum?**
Ekki hefur verið tekið endanleg ákvörðun um það, en Ólafur fullvissaði menn um að það yrði praktísk uppsætni. Þeir komu einnig inn á þann möguleika að fá utanaðkomandi sérfraðinga til að aðstoða sig í ferlinu.
- **Munu þeir auglýsa aftur hlut í Bí?**
Nei, það verður gengið beint til verks með að selja Bí í kjölar þessarar sölu.
- **Má kaupa báða bankana?**
Ólafur sagði “já” við þessari spurningu. Þeir aðilar sem koma að þessari umferð eru ekki útilokaðir í umferðinni um Bí. Það voru þrír aðilar valdir í LÍ en allir fimm aðilarnir lýstu áhuga í báða bankana. AS spurði hvort þeir aðilar sem hefðu ekki verið valdir til frekari viðræðna um LÍ myndu ekki að sama skapi vera útilokaðir frá frekari viðræðum um Bí. Sömu atriði hljóta að vera lögð til grundvallar að vali á mögulegum kjölfestufárfesti í báðum bönkunum. Ólafur átti mjög erfitt með að svara þessari spurningu en niðurstaðan var sú að svo væri ekki endilega, án þess að fara nánar út í það hvaða þættir það væru sem gerðu það að verkum að Íslandsbanki og Þórður Magnússon væru ekki hæfir til að kaupa LÍ en væru hins vegar hæfir til að kaupa Bí.